

Ed.

1240. Breytingartillögur

við frv. til l. um gjald af söluverði fisks erlendis.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
Heildarsöluverð samkv. 2. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn án frádráttar umboðslauna eða nokkurs annars sölu-kostnaðar.
2. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:
Þeir aðilar, sem gjaldskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu senda skattstjórum eða skattanefndum skýrslu um gjaldskylda sölu sína á árinu 1944, og skal hún fylgja framtali til skatts fyrir það ár. Um frest til afhendingar á skýrslum þessum gilda sömu ákvæði og um framtöl til tekju- og eignarskatts.
Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína á tilskildum tíma, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að miða upphæð gjaldsins við skýrslur þær, sem Fiskifélag Íslands fær um sölu fisks erlendis, sbr. reglugerð nr. 13 16. jan. 1934.
3. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:
Um gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu gjalds þess, sem um ræðir í lögum þessum, fer að lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935.